

Mánudaginn 21. janúar 1991.

Nr. 9/1991. **Protabú Dalverks h/f**

gegn

Höskuldi Davíðssyni.

Kærumál. Stef nubirting. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1990 samkvæmt heimild í b-lið 1. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Héraðsdómarinn sendi kærana til Hæstaréttar með bréfi 7. janúar 1991, sem barst Hæstarétti sama dag.

Sóknaraðili krefst þess, „að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Í áðurgreindu bréfi tekur héraðsdómarinn m.a. fram:

„Gætt var ákvæða 27. gr. 1. nr. 75/1973, hvað varðar stefnanda, sbr. meðfylgjandi ljósrit símskeytis til umboðsmanns stefnanda.

Þar sem heimilisfang stefnda er óupplýst, hefur eigi reynst unnt að gæta ákvæða 27. og 28. gr. 1. nr. 75/1973, hvað hann áhrærir.“

I.

Lögmaður sóknaraðila hefur í greinargerð með kæru sinni til Hæstaréttar meðal annars tekið fram:

„Er ég fékk í hendur vottorð þjóðskrár á Hagstofu Íslands hinn 18. júní 1990 um að stefndi væri fluttur til Svíþjóðar, innti ég eftir því hvort á þjóðskrá væri nánara erlent heimilisfang að finna. Var mér tjáð að svo væri ekki.

Vottorð þjóðskrár um að stefndi hafi flutt til Svíþjóðar og hafi verið búsettur þar hinn 1. desember 1989 var lagt fram í málinu. Stefna máls þessa var birt í Lögbirtingablaði hinn 9. maí 1990, með eins mánaðar stefnufresti og málið þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 19. júní 1990. Ég tel að ákvæðum 2. mgr. 95. gr. og 3. tl. 99. gr. einkamálalaga hafi þar með verið fullnægt ...

Heimildin í 2. mgr. 95. gr. eml. hlýtur að vera veitt til þess að kröfuhafar geti fengið dóm fyrir kröfum sínum hér á landi á skuldara er „á heimili eða dvöl erlendis“, sbr. 3. tl. 99. gr. eml., á sem fljótlegastan og auðveldastan máta.

Það er alkunna að fjöldi dóma hefur undanfarin mörg ár verið kveðinn upp hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík, sem og hjá öðrum héraðsdómaraembættum landsins, gegn aðilum búsettum erlendis með ókunnu heimilisfangi, skv. heimild í 2. mgr. 95. gr. eml. Hefur þá ekki verið gerður greinarmunur á því, hvort búseta eða dvöl hefur verið á Norðurlöndum eða annars staðar.

Fordæmi hefur því hér skapað dómvenju. Þeirri dómvenju verður ekki hnekkkt nú með tilvísun í auglýsingu um tilkynningarskyldu manna, er flytjast frá Íslandi til Norðurlanda og birt var fyrir rúmum 20 árum.“

II.

Vottorð Hagstofu Íslands, sem um ræðir í héraðsdómi, gefur ekki ótvírætt til kynna, hvort stofnunin hafi haft tiltækar upplýsingar um lögheimili varnaraðila í Svíþjóð. Lögmanni sóknaraðila gafst kostur á við endurupptöku málsins í héraði að afla afdráttarlausra upplýsinga um þetta. Af því varð ekki. Við svo búið ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða dóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. desember 1990, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri opinberri birtingu í Lögbirtingablaðinu hinn 9. maí 1990, af þrotabúi Dalverks h/f, kt. 560187-2119, sem aðsetur hafði að Vesturbraut 18, Búðardal, Dalasýslu, gegn Höskuldi Davíðssyni, kt. 010148-2009, áður til heimilis að Hnúki, Fellsstrandarhreppi, Dalasýslu, en nú með óþekktu heimilisfangi í Svíþjóð.

Mál þetta var þingfest á reglulegu bæjarþingi þann 19. júní 1990, og var þá eigi sótt þing af hálfu stefnda. Málið var að kröfu lögmanns stefnanda dómtekið þann sama dag. Málið var endurupptekið á reglulegu bæjarþingi þann 4. desember síðastliðinn til framlagningar frekari gagna af hálfu stefn-

anda málsins með heimild í 1. mgr. 120. gr. laga nr. 85/1936. Málið var dómtekið á ný þann sama dag.

Dómkröfur:

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda skuld að fjárhæð kr. 31.072,50 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Málsatvik og málsástæður.

Stefnandi kveður Dalverk h/f hafa rekið bifreiðaverkstæði og varahlutaverslun í Búðardal um árabíl. Þú þess hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, uppkveðnum hinn 16. mars 1989, af setuskiptaráðanda við bæjarfógetaembættið í Reykjavík. Stefnandi kveður stefnda hafa fengið viðgerðarþjónustu og varahluti hjá Dalverki h/f, sem framkvæmd hafi verið einkum í mánuðunum júní, júlí og september 1986. Hinn 4. september 1986 hafi skuld stefnda numið kr. 50.472,50, en þá hafi hann greitt kr. 20.000,00 upp í viðskiptaskuld sína, sbr. reikningsyfirlit, réttarskjal nr. 4. Eftirstöðvar skuldarinnar, er nemi stefnufjárhæð, hafi ekki enn fengist greiddar þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli, og kveður stefnandi því mál-sókn þessa óhjákvæmilega.

Lagarök.

Stefnandi kveðst skírskota til hinna almennu reglna kröfuréttar. Hann kveður kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun reista á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmonnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til þess að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing.

Stefna máls þessa var birt opinberri birtingu í Lögbirtingablaðinu hinn 9. maí 1990 með heimild í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi kveður stefnda búsettan í Svíþjóð, en heimilisfang hans þar óþekkt. Á framlögðu vottorði Hagstofu Íslands kemur fram, að lögheimili stefnda er í Svíþjóð, og má af vottorðinu ráða, að svo hefur verið a.m.k. frá 1. desember 1989. Á framangreindu vottorði Hagstofunnar kemur og fram, að síðasta lögheimili stefnda á Íslandi var að Túngötu 37, Tálknafirði. Í sókn, er stefnandi lagði fram í málinu á reglulegu bæjarþingi hinn 4. desember sl., kveður hann ekki tók á að upplýsa frekar um heimilisfang stefnda erlendis.

Hinn 20. febrúar 1969 var af Íslands hálfu fullgiltur samningur milli

Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu, sbr. auglýsingu nr. 2 frá 24. febrúar 1969. Samningur þessi tók gildi hinn 1. október 1969, sbr. auglýsingu nr. 178 frá 22. september 1969. Ákvæði þessarar auglýsingar taka til þeirra, sem flytjast til Íslands frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð eða frá Íslandi til einhvers þessara landa.

Í 6. gr. framangreindrar auglýsingar kemur fram, að sá, sem áformar að flytjast til einhvers Norðurlandanna, skuli, áður en hann fer, fá gefið út samnorrænt flutningsvottorð með tilheyrandi útfylltu eyðublaði undir samnorræna flutningsboðun. Í 7. gr. auglýsingarinnar segir, að brottflutningur frá Íslandi til einhvers Norðurlandanna skuli ekki færður á almannaskrá, fyrr en Þjóðskráin hefur mótttekið samnorræna flutningsboðun um hann frá hlutaðeigandi skráningaryfirvaldi. Sá, sem flytji, skuli skráður sem brottfluttur þann dag, sem hann er skráður innfluttur samkvæmt flutningsboðun um hann.

Ákvæði framangreindrar auglýsingar um skyldu manna til að fá út gefið samnorrænt flutningsvottorð eru sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 16/1963 um breyting á lögum nr. 73/1952 um tilkynningu aðsetursskipta, sbr. 10. gr. auglýsingar nr. 178/1969.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 73/1952, sbr. lög nr. 16/1963, segir, að hver sá, sem fer til útlanda og hættir að eiga lögheimili hér á landi, skuli tilkynna það viðkomandi sveitarstjórn, áður en hann fer, og meðal annars upplýsa fullt aðsetur sitt erlendis. Í 6. gr. áðurgreindra laga segir, að fjármálaráðherra sé heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt héðan til einhvers Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 2. mgr. 5. gr., fá afhent vottorð um flutninginn, sem gefið er út af Þjóðskránni eða af sveitarstjórn í umboði hennar.

Hver sá, sem fær út gefið flutningsvottorð, áður en hann fer úr landi, og hefur undirritað samrit þess, telst með því hafa fullnægt tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 73/1952 með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 9. gr. auglýsingar nr. 178/1969.

Svo sem fyrr greinir, er lögheimili stefnda samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands í Svíþjóð. Samkvæmt 7. gr. auglýsingar nr. 178/1969 mun Þjóðskráin því hafa mótttekið norræna flutningsboðun um brottflutninginn frá hlutaðeigandi skráningaryfirvaldi í Svíþjóð. Heimilisfang stefnda í Svíþjóð ætti því samkvæmt framanrituðu að vera þekkt. Hvorki hefur verið sýnt fram á, að reynt hafi verið að birta stefnu þessa á heimili stefnda í Svíþjóð né að heimili hans þar sé ókunnugt. Framlagt vottorð Hagstofu Íslands þykir og eigi bera það með sér, að heimilisfang stefnda í Svíþjóð sé óþekkt.

Þegar framanritað er virt, þykir 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 ekki eiga við í máli þessu. Þykir af þeim sökum eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, ftr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.
